



Útskýringar á ýmsum hugtökum sem koma fram í Mælaborði landbúnaðarins

Búvörusamningar	Búvörusamningar eru samningar milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands um opinberan stuðning og ýmis önnur starfsskilyrði landbúnaðarins. Búvörusamningar eru fjórir talsins, um starfsskilyrði í garðyrkju, sauðfjárrækt, nautgriparækt og sá fjórði er svokallaður rammisamningur, sem nær til annarra greina og almenn starfsskilyrði í landbúnaði.
Aðlögun að lífrænni ræktun	Stuðningur úr búvörusamningum sem ætlaðir eru til að styðja við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum.
Beingreiðslur	Stuðningur úr búvörusamningum í sauðfjárrækt, nautgriparækt og garðyrkju. Beingreiðslur eru greiddar eftir ýmsum skilyrðum, út á framleitt magn í grænmeti og út á greiðslumark sem er mælt í lítrum í nautgriparækt eða ærgildum í sauðfjárrækt. Hægt er að kaupa eða selja greiðslumark í nautgripa- og sauðfjárrækt og þar með rétt til beingreiðslna, en það er einnig háð ákveðnum skilyrðum.
Býlisstuðningur	Stuðningur úr búvörusamningi sauðfjár sem ætlað er að styrkja byggð og styðja við fjölskyldubú. Miðast við fjölda sauðfjár á búinu.
Fjárfestingastuðningur	Stuðningur úr búvörusamningum sem ætlað er að stuðla að hagkvæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði gripa og aukinni umhverfisvernd. Stutt er nýframkvæmdir og endurbætur á byggingum og búnaði sem varða umhverfi, aðbúnað eða velferð gripa.
Framleiðslujafnvægi	Stuðningur úr nautgrip- og sauðfjársamningi, sem ráðstafað er til eflingar á markaðsfærslu, sláturuppbætur og fleira til að bregðast við breytingum á framboði og eftirspurn á markaði.
Gripagreiðslur	Stuðningur úr nautgripasamningi og er ráðstafað til aðila sem eiga kýr og er háður ýmsum skilyrðum.
Gæðastýring í sauðfé	Stuðningur úr sauðfjársamningi sem greiddur er á framleitt kindakjöt frá framleiðendum sem uppfylla skilgreindar kröfur um velferð búfjár, sjálfbæra landnýtingu, hollustu afurða og önnur skilyrði.



Jarðræktarstyrkur	Stuðningur úr ramma- og garðyrkjusamningi sem ætlaðir eru til jarðræktar, þ.e. Nýræktar og endurræktunar á túnnum, ræktunar á korni, fóðri og útiræktun á grænmeti.
Kynbótafé	Stuðningur úr búvörusamningum sem ætlað er að styðja við kynbætur búfjár eða plantna, kynbótaskýrsluhald o.fl.
Landgreiðslur	Stuðningur úr rammasamningi á ræktað land sem uppskorið er til fóðuröflunar ótengt búgreinum.
Nýliðunarstuðningur	Stuðningur úr búvörusamningum sem ætlaðir eru til nýliðunar í landbúnaði, aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði.
Svæðisbundinn stuðningur	Stuðningur úr sauðfjársamningi sem ætlað er að styðja sérstaklega við landsvæði sem háðust eru sauðfjarrækt.
Framleiðsla og sala - undirflokkar	Flokkun framleiðslu á innlendu kjöti skiptist í tegundir búfjár, aldur gripa eða kyn og því næst eftir kjötmatsflokkum, t.d. DU3 eða UN O2.
Beinahlutfall	Innflutningur á kjöti er að miklu leyti úrbeinað kjöt. Innlend framleiðsla er skráð í heilum skrokkum. Í mælaborðinu er gefinn valkostur á að sjá magn innflutnings á úrbeinuðu kjöti líkt og það væri með beini (áætlun).
Afurðaflokkur	Yfirflokkur kjötafurða ákveðinnar búfjártegundar. Afurðaflokkurinn kindakjöt á t.d. við um kjöt af fullorðnu fé og lambakjöt.